



Viðtakandi: Innkaupa- og framkvæmdarráð

Sendandi: Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar (Bílastæðasjóður Reykjavíkur)

Samkeppnisviðræður nr. 15957 - Reykjavik Parking Services - Parking Enforcement System

Framangreint EES-útboð hófst á forvali, en umsóknir vegna þess voru opnaðar þann 20. maí 2024. Sex aðilar sendu inn umsókn:

1. MCX Pro
2. RI-ING NET d.o.o.
3. Parkdots, s.r.o.
4. Giant Leap Technologies A.S
5. Öryggismiðstöð Íslands hf.
6. Visma iAsset ScanGo

Tveir viðaukar voru sendir út á forvalstímabilinu sem innihélt svör við fyrirspurnum.

Þrjár umsóknir uppfylltu hæfiskröfur forvalsins:

1. RI-ING net d.o.o.
2. Visma iAsset ScanGo
3. Parkdots, s.r.o.

Útboðslýsingin var birt þann 27. ágúst 2024. Tveir skiluðu inn tillögu að lausn ásamt verðtilboði, RI-ING net d.o.o. & Visma iAsset ScanGo. Parkdots, s.r.o tilkynntu í tölvupósti 13. september að þeir myndu ekki senda inn tillögu vegna mannbreytinga hjá sér en sá aðila sem hafði séð um þetta útboð hefði nýlega hætt og sögðust þeir ekki ráða við verkefnið.

Endanlegt gæðamat fór fram á tímabilinu 21 – 22 október 2024

Viðræður við þátttakendur fóru fram á tímabilinu 1. október 2024 til 10 október. Í kjölfarið voru RI-ING NET d.o.o. & Visma iAsset ScanGo boðið að skila inn endanlegu tilboði.

Forsendur fyrir vali tilboðs voru eftirfarandi, sbr. kafla 0.7 í útboðslýsingu:

A binding contract will be made with the party with the most economically advantageous and valid tender price that fulfils the requirements of the tender documents or decline all tender prices.

The Tenderer's offer is considered unacceptable if the Tenderer offers a higher price than the Buyer's cost estimate assumes. The Buyer, however, reserves the right to accept an offer that is higher than the cost estimate, as applicable.



Vægi verðs var 40% og vægi gæða var 60%. Mest var hægt að fá 60 stig fyrir gæði sem skiptist þannig.

Tilboð				Price points	Quality points	Total points
RING	58.745.400	97,91%		40,00	42,05	82,05
Visma	71.860.982	119,77%		32,70	60	92,70

Skrifstofa fjármálaþjónustu og ráðgjafar hefur yfirfarið endurbætt tilboð Visma iAsset ScanGo m.t.t. til krafna um fjárhagslegt hæfi og hefur staðfest að Visma iAsset ScanGo uppfyllir kröfur um fjárhagslegt hæfi. Kaupandi hefur yfirfarið endurbætt tilboð Visma iAsset ScanGo og staðfestir að kröfur um tæknilega og faglega getu eru uppfylltar.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar (Bílastæðasjóður Reykjavíkur) leggur til að gengið verði að tilboði Visma iAsset ScanGo að fjárhæð 71.860.982 kr. án vsk., enda uppfyllir það allar kröfur útboðsgagna og hagkvæmasta tilboð á grundvelli verðs og gæða. Samningstíminn er fjögur ár.

Virðingarfyllt

Kristín Þórdís Ragnarsdóttir
*Umhverfis og skipulagssvið
Bílastæðasjóður Reykjavíkur*

Hjálagt:

1. *Opnunarfundargerð*
2. *Matsblað*



Árið 2024, þann 18. október kl. 10:15 voru tilboð opnuð í Borgartúni 12-14, Reykjavík, í EES útboði umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 15957 „Parking Enforcement System for Reykjavik Parking Services“.

Tilboð opnaði og fundargerð ritaði Eva Björk Hickey.

Á tilboðsfresti voru sendir út þrír viðaukar.

Eftirfarandi tilboð bárust:		Total tendering price, without VAT		
1	RI-ING NET d.o.o.	ISK	58.745.400	97,91%
2	Visma ScanGo	ISK	71.860.982	119,77%
	Kostnaðaráætlun	ISK	60.000.000	100,00%

Fleiri tilboð bárust ekki.

Opnun tilboða lokið kl. 10:20